

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Addex-Magnesium 1 mmól/ml innrennslisþykkni, lausn

magnesiumsúlfat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækinn eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Addex-Magnesium og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Addex-Magnesium
3. Hvernig nota á Addex-Magnesium
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Addex-Magnesium
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Addex-Magnesium og við hverju það er notað

Addex-Magnesium er þykkni sem blandað er í lausnir og gefnar eru með innrennsli í bláæð (dreypi) af heilbrigðisstarfsmanni. Það er í flokki lyfja sem kallast saltalausnir og er notað þegar skortur er á blóðsöltum. Addex-Magnesium er notað við magnesiúmskort og yfirstandandi magnesiúmtapi t.d. við vökvagjöf eða þegar öll næring er gefin með dreypi.

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Addex-Magnesium

Ekki má nota Addex-Magnesium

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir magnesiumsúlfati eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Lyfið á að þynna fyrir notkun.

Addex-Magnesium á að nota með varúð hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi, truflun á hjartastarfsemi með leiðnitruflunum eða með alvarlega öndunarerfiðleika og heilbrigðisstarfsmaður fylgist reglulega með þéttni magnesiúms í blóði og þvagi.

Leitið ráða hjá lækningum eða hjúkrunarfræðingnum áður en Addex-Magnesium er notað.

Notkun annarra lyfja samhliða Addex-Magnesium

Látið lækinn hjúkrunarfræðinginn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðganga, brjóstagjöf og frjósemi

Engin þekkt hættu við ráðlagða skammta.

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækningum eða hjúkrunarfræðingi áður en lyfið er notað.

Akstur og notkun véla

Engin þekkt áhrif.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Addex-Magnesium

Yfirleitt er lyfið gefið með dreypi (innrennsli í bláæð) eftir þynningu. Innrennslishraði og magn fer eftir þörfum, sjúkdómnum sem verið er að meðhöndla og hámarkssólarhringsskammti. Læknirinn ákveður hvaða skammtur hentar þér.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ólíklegt er að þú fái of stóran skammt þar sem læknir eða hjúkrunarfræðingur fylgist með þér meðan á meðferðinni stendur. Þú skalt samt láta lækninn eða hjúkrunarfræðing strax vita ef þú heldur að þú hafir fengið of mikið af Addex-Magnesium. Fyrstu einkenni ofskömmunar eru minnkuð viðbrögð. Alvarleg ofskömmun getur valdið öndunarstöðvun og hjartastoppi.

Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum. Við ráðlagðaða skammta hefur ekki verið tilkynnt um aukaverkanir vegna Addex-Magnesium.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Addex-Magnesium

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Ekki skal nota lyfið ef pakkningin hefur orðið fyrir skemmdum eða ef lausnin er ekki tær.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Addex-Magnesium inniheldur

- Virka innihaldsefnið er magnesíumsúlfat.
- Önnur innihaldsefni eru saltsýra og vatn fyrir stungulyf.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Fresenius Kabi AB

SE-751 74 Uppsala
Svíþjóð

Framleiðandi
HP Halden Pharma AS
Svinesundsveien 80
1788 Halden
Noregur

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í mars 2024.